

Stofnanasamningur

Fjölbrautaskólans í Garðabæ og

Starfsmannafélags ríkisstofnana.

(Samkvæmt 11. kafla kjarasamnings SFR og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs 9. mars 2005.)

1. Gildissvið

Samkomulag þetta nær til allra félagsmann í SFR sem eru í starfi hjá Fjölbrautaskólanum í Garðabæ.

2. Starfaflokkar

Launakerfi stofnunarinnar byggir á þessum störfum hjá félagsmönnum SFR. Störfum skal raðað í launaflokka miðað við eðli starfs og starfslýsingu. Raða skal í launaflokka í samræmi við ábyrgð og umfang þeirra skv. hlutlægum mælikvörðum og er það grunnröðun viðkomandi starfs.

	Lfl.
Skólaliði	12
Matráður 1	14
Matráður 2	16
Stuðningsfulltrúi	14
Skólafulltrúi	18
Húsvörður	23
Skrifstofustjóri	25
Kerfisstjóri	30
Fjármálastjóri	30

3. Viðbótarforsendur við mat í launaflokka

3.1. Starfsreynsla

Starfsmaður, sem hefur öðlast starfsreynslu hjá stofnuninni, skal hækka frá grunnröðun um launaflokka sem hér greinir:

- starfsmaður með 2 ára starfsreynslu skal hækka um 1 launaflokk
- starfsmaður með 4 ára starfsreynslu skal hækka um 1 launaflokk til viðbótar
- starfsmaður með 6 ára starfsreynslu skal hækka um 1 launaflokk til viðbótar
- starfsmaður með 9 ára starfsreynslu skal hækka um 1 launaflokk til viðbótar

Heimilt er að meta starfsreynslu hjá öðrum að hluta eða öllu leyti ef hún nýtist í starfi hjá stofnuninni.

3.2 Menntun

Starfsmaður, sem hefur menntun, sem nýtist í starfi og ekki hefur verið tekið tillit til í grunnröðun starfsins, skal hækka um launaflokka sem hér greinir:

- starfsmaður, sem hefur lokið eins til tveggja ára námi, skal hækka um 1 launaflokk
- starfsmaður, sem hefur lokið þriggja ára námi, skal hækka um 1 launaflokk til viðbótar

3.3. Starfsnám/símenntun

Starfsmaður, sem lokið hefur starfsmenntun, sem viðurkennd er af samningsaðilum, eða starfsmenntun/námskeiðum sem nýtast í starfi, skal hækka um launaflokka sem hér greinir:

- starfsmaður skal hækka um 1 launaflokk þegar 60 kennslustundum er náð
 - starfsmaður skal hækka um 1 launaflokk til viðbótar þegar 120 kest. er náð
 - starfsmaður skal hækka um 1 launaflokka til viðbótar þegar 200 kest. er náð
- Starfsmenntun/námskeið, sem starfsmaður hefur aflað sér sl. 3 ár skal metin á sama hátt.

3.4. Annað

Heimilt er að hækka starfsmann um launaflokk ef hann/starfið uppfyllir einhverjar neðangreindar forsendur:

- starfið felur í sér sérstaka ábyrgð
- starfið felur í sér flókin verkefni
- starfinu fylgir kennsla eða leiðbeining annarra starfsmanna
- starfinu fylgir ráðgjöf innan stofnunar eða utan
- starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðabundið
- starfsmaðurinn sinnir starfi á fleiri en einni starfsstöð
- starfsmaður sýnir góðan árangur í starfi
- starfsmaðurinn sýnir hæfni til samskipta og samvinnu
- starfsmaður sýnir frumkvæði í starfi

Stofnunin skal halda til haga skriflegum forsendum sem liggja að baki hækkun á launaflokkum samkvæmt þessum lið. Samstarfsnefnd á rétt á að fá að sjá umræddar forsendur.

Heimilt er að semja við starfsmenn um að fastar greiðslur, sem eru ekki hluti af grunnlaunum, séu metnar sem viðbótarforsendur til hækkunar í launaflokka.

3.5. Sérstök verkefni - tímabundið álag

Heimilt er að gera samning við starfsmann um að taka að sér tímabundið verkefni eða greiða sérstaklega fyrir aukið álag, sbr. ákvæði 1.3.1 í kjarasamningi. Í slíkum tilvikum skal gera skriflegan samning við starfsmanninn um tímabundna hækkun launa og skal í samningi þessum kveðið á um umfang verkefnis, efnisþætti og tímalengd samnings.

Launaviðbót, sem leiðir af slíkum samningi, fellur niður án uppsagnar við lok samningstímans.

4. Gildistími

Breytt grunnröðun samkvæmt samningi þessum gildir frá og með 1. júní 2016.

CAK
ES

5. Endurskoðun

Endurskoðun samnings þessa ber að gera eins og kveðið er á um í 11. kafla í kjarasamningi félagsins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs 9. mars 2005 með síðari breytingum.

Endurmat til launa.

Viðbótarforsendur samkvæmt eldri stofnanasamningi falla brott og eru að nýju metnar samkvæmt þessum samningi.

Garðabæ, 15. ágúst 2016

F.h. SFR stéttarfélags

Guðrún A. Svends

F.h. Fjölbrautaskólans í Garðabæ

Elisabet Simeon